

Nd.

266. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m. (Þgskj. 215).

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

1. Tveir fyrstu málsliðir 4. gr. orðist svo:

Stjórnarráðið skipar bókara og fjehirði bankans og, ef þörf krefur, aðstoðarfjehirði, og vikur þeim frá, hvorttveggja að fengnum tillögum banka-stjórnar. Ef aðstoðarfjehirðir verður skipaður, fer um verkaskifting milli hans og fjehirðis eftir ákvörðun stjórnarráðsins, að fengnum tillögum banka-stjórnar.

2. Á eftir »fjehirðir« á báðum stöðum í 2. málgr. 4. gr. komi:
eða aðstoðarfjehirðir.

3. 2. og 3. málsgr. 5. gr. orðist svo:

Bókari og fjehirðir hafa að árslaunum 5000 kr. hvor og aðstoðar-
fjehirðir 4000 kr. Auk þess hafa hinir síðarnefndu 1000 kr. í mistalningar-
lje hvor á ári, enda skulu þeir setja hæfilegt veð, er stjórnarráðið tiltekur.

Þessir starfsmenn bankans og bankastjórar njóta dýrtíðaruppbótar
eftir sömu reglum og starfsmenn ríkissjóðs.